

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar Hafnarfjarðar vegna Cuxhavengötu 3 og 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. maí 2025 breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar Hafnarfjarðar vegna Cuxhavengötu 3 og 5. Breytingin felst í að lóðum Cuxhavengötu 3 og 5 er skipt upp miðað við eldri samþykkt og breytt. Lóðin við Cuxhavengötu 3 stækkar og verður 15.013 m². Lóðin við Cuxhavengötu 5 minnkar og verður 1.747 m². Nýtingarhlutfall á báðum lóðum hækkar úr $N = 0,4$ og verður $N = 1,0$. Gerður er nýr byggingarreitur á lóðinni nr. 5 þar sem að hluta til er heimilt að reisa 7 m háa skemmu og að hluta til 5 hæða skrifstofubyggingu að hámarki 18 m háa. Kvöð á lóðarblaði um gegnumakstur er felld niður. Almenn aðkoma að lóðunum nr. 3 og 5 er frá Cuxhavengötu en einnig verður aðkoma að lóðunum frá hafnarbakka um lokuð hlið. Cuxhavengötu verður lokað við hafnarbakka. Bílastæði: 1 bílastæði á hverja 50 m² í skrifstofuhúsnæði, 1 bílastæði á hverja 100 m² í atvinnu- og framleiðsluhúsnæði og 1 bílastæði á hverja 200 m² í vörugeymslum.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Áslands 3 vegna Furuáss 27.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. maí 2025 breyting á deiliskipulagi Áslands 3 vegna Furuáss 27. Breytingin felst í því að byggingarreitur við gafl byggingarinnar er stækkaður um 2 m í suður og 2 m í vestur þannig að hægt verði að byggja tveggja hæða viðbyggingu við gafl hússins. Eftir breytingu verður byggingarreiturinn við gaflinn 4 x 6 m að stærð. Að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júní 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 18. júní 2025